



Ingólfshöfði, Sveitarfélaginu Hornafirði

Stjórnunar- og verndararáætlun 2019-2028

Apríl 2019



Efnisyfirlit

ADGERÐAÁÆTLUN 2019 – 2023	5
1. INNGANGUR	6
1.1. Samráð	7
1.2. Eignarhald og umsjón	7
1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi	8
1.4. Verndargildi og verndarflokkur	8
2. LÝSING Á SVÆÐINU	9
2.1. Mörk svæðisins.....	9
2.1.1. Tengsl við áhrifasvæði.....	9
2.1.2. Aðkomuleiðir	9
2.2. Náttúruminjar	10
2.2.1. Jarðminjar	10
2.2.2. Gróður og vistgerðir/jarðvegur	10
2.2.3. Dýralíf	10
2.3. Menningarminjar	11
2.4. Landnotkun	12
2.4.1. Landbúnaður	12
2.4.2. Veiðar	12
2.4.3. Ferðaþjónusta og útivist.....	12
2.5. Innviðir og mannvirki	12
2.5.1. Landvarsla	12
2.5.2. Byggingar.....	12
2.5.3. Vegir	12
2.5.4. Stígar og gönguleiðir	13
2.5.5. Reiðleiðir	13
2.5.6. Skilti	13
2.5.7. Úrgangur	13
2.6. Öryggismál	13
2.7. Fræðsla og kynning	13
2.8. Rannsóknir og vöktun	13
3. MARKMIÐ, STEFNA OG LEIÐIR	15
3.1.1. Ástandsmat	15
3.1.2. Aðkomuleiðir	15
3.2. Náttúruminjar	16
3.2.1. Jarðminjar, gróður og dýralíf.....	16
3.3. Menningarminjar	16
3.4. Landnotkun	16
3.4.1. Landbúnaður	16
3.4.2. Veiðar	16

3.4.3.	Kvikmyndataka og ljósmyndun	16
3.4.4.	Ferðþjónusta og útivist.....	17
3.5.	Innviðir og mannvirki	17
3.5.1.	Landvarsla	17
3.5.2.	Byggingar.....	17
3.5.3.	Vegir og bílastæði.....	17
3.5.4.	Stígar og gönguleiðir	18
3.5.5.	Reiðleiðir	18
3.5.6.	Skilti	18
3.5.7.	Úrgangur	18
3.6.	Öryggismál	19
3.7.	Fræðsla og kynning	19
3.8.	Mönnuð og ómönnuð loftför	19
3.9.	Rannsóknir og vöktun	20
4.	SÉRSTAKAR REGLUR UM UMFERÐ OG DVÖL	21
	HEIMILDASKRÁ	22
	VIÐAUKI I	23
	VIÐAUKI II	24
	VIÐAUKI III.....	25
	VIÐAUKI IV	26
	VIÐAUKI V	27
	VIÐAUKI VI	29

Leiðarljós

Leiðarljós áætlunar þessarar er að standa vörð um lífríki og menningarsögu Ingólfshöfða með skýra stýringu umferðar um friðlandið, hæfilegum innviðum og fræðslu.

Aðgerðaáætlun 2019 – 2023

Kafli þessi er forgangs röðun þeirra aðgerða sem brýnast er að Umhverfisstofnun vinni að á næstu fimm árum fyrir friðlandið í Ingólfshöfða. Aðgerðir þessar styðja við leiðarljós og framtíðarsýn svæðisins en eru áætlaðar með fyrirvara um að fjármagn til framkvæmda fáiist hverju sinni. Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerða.

Árlega

- ✓ Umhverfisstofnun fylgist með ástandi náttúrufars og innviða og geri ráðstafanir um úrbætur eftir því sem þörf er á.
- ✓ Öryggi ferðamanna verði vaktað í ljósi hrun- og hraphættu.
- ✓ Gert verði ástandsmat.
- ✓ Reglubundnar athuganir á áhrif ferðapjónustu á fuglalíf.
- ✓ Umhverfisstofnun heldur við og setur upp merkingar vegna gróðurverndar og öryggissjónarmiða eftir þörfum.

2019

- ✓ Lagfæringar verði gerðar á upphafi stígs og grjót fært til vegna öryggissjónarmiða.
- ✓ Umhverfisstofnun sendi erindi á sveitarfélagið Hornafjörð þar sem óskað verði eftir skilgreiningu á vegi út í Ingólfshöfða og skráningu í vegaskrá.
- ✓ Umhverfisstofnun geri úttekt og áætlun um önnur skilti sem stefnt er að því að verði sett upp og setji í framkvæmdaráætlun.

2020

- ✓ Stikaðar verði gönguleiðir.
- ✓ Kort af friðlandinu verði uppfært.
- ✓ Uppfærsla á rafrænu fræðsluefni fyrir friðlandið.
- ✓ Heimasíða um svæðið verði endurgerð á vef Umhverfisstofnunar.

2021

- ✓ Umhverfisstofnun, í samvinnu við hagsmunaaðila og sveitarfélag, setji upp upplýsinga- og fræðsluskilti um friðlandið. Á skiltunum komi fram upplýsingar um náttúrufar, menningaminjar, gönguleiðir og umgengnisreglur svo sem um ómönnuð loftför og úrgang.
- ✓ Meta þörf á nánari stýringu vélknúinnar umferðar.

2022

- ✓ Umhverfisstofnun staðfæri Öryggisáætlun friðlýstra svæða stofnunarinnar fyrir Ingólfshöfða.
- ✓ Uppfæra skal öryggisáætlunina annað hvert ár.

2023

- ✓ Aðgerðaáætlun Ingólfshöfða verði endurskoðuð.



1. Inngangur

Ingólfshöfði er 76 metra hár kletthöfði suður af Hofsnesi í Öræfum. Höfðinn er um 1200 metra langur og 750 metra breiður. Í Ingólfshöfða er að finna fjölbreytt fuglalíf, þar verpur meðal annars lundi og fýll og er þéttleiki skúma áberandi. Sjófuglabýggðinni í Ingólfshöfða fylgir einstakt smádýrasamfélag og finnast þar tegundir eins og mordýr sem ekki hefur fundist annars staðar á landinu.¹ Veiði á lunda var lengi stunduð í Ingólfshöfða en fyrstu lundaháfanir komu í Öræfin 1872 frá Færeyjum. Einnig tíðkaðist að síga í björg eftir svartfuglseggjum á vorin og hafa eggjatölur verið skráðar í marga áratugi.²

Ingólfshöfði ber nafn landnámsmannsins Ingólfs Arnarsonar en samkvæmt Landnámu þá sigldi Ingólfur ásamt Hallveigu konu sinni, frá Noregi til Íslands í kringum 874, lenti skipi sínu við Ingólfshöfða og talið er að þau hafi dvalist þar yfir veturinn.

Ingólfshöfði var friðlýstur sem friðland 1974 og auglýsing um friðlýsingu svæðisins endurskoðuð árið 1978 skv. auglýsingu nr. 388/1978. Mörk friðlandsins mynda ferhyrning og ná í um 100 metra fjarlægð út frá ystu klettum höfðans og er stærð friðlandsins um 120 ha.

¹ Jón Gunnar Ottósson og Snorri Baldursson, 2005.

² Hafdís S. Roysdóttir, 2006.

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Ingólfshöfða hófst í maí 2017. Áætlunin var unnin af samstarfshópi um friðlandið og starfsfólki Umhverfisstofnunar og er sett í samræmi við 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Áætluninni er ætlað að vera stefnumótandi skjal, unnin í samvinnu við rétthafa lands, sveitarfélag og hagsmunaaðila. Hún er hugsuð sem stjórnæki til að móta framtíðarsýn og leggja fram stefnu um verndun friðlandsins og hvernig viðhalda skuli verndargildi þess.

Starfshópurinn skipuðu:

- ✓ Bryndís Bjarnason, Sveitarfélaginu Hornafirði.
- ✓ Einar Rúnar Sigurðsson, landeigandi Hofsnesi.
- ✓ Hákon Ásgeirsson, Umhverfisstofnun.
- ✓ Matthildur Unnur Þorsteinsdóttir, landeigandi Hofsnesi.
- ✓ Þorlákur Örn Bergsson, landeigandi Hofi.
- ✓ Þórdís Björt Sigþórsdóttir, Umhverfisstofnun.

Áætlunin gildir til ársins 2028 og er henni skipt í fjóra kafla. Fyrstu tveir innihalda bakgrunnsupplýsingar um Ingólfshöfða, í þriðja kafla er að finna stefnumótun og markmið fyrir svæðið og í fjórða kafla er að finna þær sérreglur sem gilda um friðlandið samkvæmt áætlun þessari. Með stjórnunar- og verndaráætluninni fylgir aðgerðaáætlun sem gildir til fimm ára. Að fimm árum liðnum skal meta árangur verndarráðstafana og endurskoða og uppfæra aðgerðaáætlun.

1.1. Samráð

Í samræmi við 3. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd var haft samráð við fagstofnanir og aðila sem hagsmuna hafa að gæta á svæðinu. Við upphaf vinnunnar var sent bréf til þessara aðila ([sjá viðauka IV](#)) þar sem tilkynnt var að vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið væri að hefjast. Þessum aðilum var einnig sent bréf í upphafi kynningarferlisins þar sem upplýst var um kynningartíma og hvar tillögu að áætluninni væri að finna. Sérstakur fundur var haldinn á meðan á vinnu að áætluninni stóð fyrir þá aðila sem eiga og/eða leigja nytjar í höfðanum. Opinn kynningarfundur var haldinn í Hofgarði í Örafum á meðan á kynningartíma stóð og eins var boðið upp á ferð út í höfðann fyrir fundinn. Á fundinum fóru þátttakendur yfir drög að áætluninni og höfðu tækifæri til að koma sínum ábendingum og athugasemdum á framfæri.

1.2. Eignarhald og umsjón

Ingólfshöfði er í landi Sandfells, sem er ríkisjörð og fara Ríkiseignir með málefni jarðarinnar sem landeigandi. Umhverfisstofnun hefur umsjón með friðlýstum svæðum sbr. 13. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Nokkrir leigutakar eru með jörðina Sandfell til leigu. Eigendum jarðarinnar Hofs tilheyrir ákveðinn skráður nytjaréttur, þ.e. réttur til beitar og slægna á graslendi. Réttur eigenda á Hofi takmarkast við 2/5 af heildar graslendi svæðisins.³ Friðlandið í Ingólfshöfða heyrir undir teymi Þjóðgarðs og náttúruverndar suðurs hjá Umhverfisstofnun.

³ Skaftafellssýsla Landamerkjabók (1884-1958).

1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi

Ingólfshöfði var friðlýstur sem friðland árið 1974 í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 47/1971 en friðlýsingin var endurskoðuð árið 1978, sbr. auglýsing nr. 388/1978 ([sjá viðauka 1](#)). Samkvæmt friðlýsingunni er gangandi og ríðandi fólki heimil för um svæðið en hyggist ferðafólk dvelja þar um lengri tíma þarf leyfi umsjónaraðila. Akstur er bannaður í höfðanum án sérstaks leyfis umsjónaraðila, svo og meðferð skotvopna. Umhverfisstofnun hefur umsjón með leyfisveitingum á svæðinu og er umsjónaraðili hins friðlýsta svæðis. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er kveðið á um að fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri.

Í friðlýsingu Ingólfshöfða er alþjóðasamninga ekki sérstaklega getið en þeir samningar sem hafa þýðingu fyrir lífríkið innan friðlandsins og íslensk stjórnvöld hafa staðfest, eru: *Samþykkt um lífríkisvernd á norðurslóðum* frá 1992 (Conservation of Arctic Flora and Fauna, CAFF), *Bernarsamningurinn um verndun villtra dýra og plantna og búsvæði þeirra í Evrópu* (The Bern Convention on the Conservation of European Wildlife and Natural Habitats) sem samþykktur var árið 1979, *Samningur um líffræðilega fjölbreytni* (The Convention on Biological Diversity, CBD) sem tók gildi í Rio De Janeiro árið 1992 og *Ramsarsamningurinn um votlendi* (Convention on Wetlands of International Importance Especially as waterfowl Habitat) sem tók gildi árið 1971.

1.4. Verndargildi og verndarflokkur

Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 eru landsvæði friðlýst sem friðlönd til að vernda tiltekna vistgerðir og búsvæði og styrkja verndun tegunda lífvera sem eru sjaldgæfar eða í hættu samkvæmt útgefnum válistum eða til verndar lífríkis sem er sérstaklega fjölbreytt eða sérstætt. Þessi markmið falla vel að friðlýsingu Ingólfshöfða þar sem verið er að varðveita og viðhalda náttúrulegu ástandi svæðisins og þá sérstaklega því fuglalífi sem finnst í höfðanum en sumar af þeim tegundum sem þar finnast eru í hættu samkvæmt útgefnum válistum. Þá er markmiðið einnig að vernda þær menningarminjar sem þar finnast og fjölbreytni landslags. Verndun Ingólfshöfða stuðlar því bæði að verndarmarkmiðum fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir og fyrir jarð- og menningarminjar, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013.

Samkvæmt Alþjóða náttúruverndarsamtökunum (IUCN) flokkast friðlandið í flokk IV. Í þeim flokki eru svæði sem hafa það að meginmarkmiði að vernda, viðhalda og endurheimta tegundir og búsvæði og miðast stjórnun svæðisins við þá forgangs röðun. Það sem gerir verndarflokk IV frábrugðinn öðrum verndarflokkum er að sérstök áhersla er lögð á verndun eða endurheimt ákveðinna tegunda dýra eða jurta sem eru mikilvægar á svæðis-, lands- eða heimsvísu, ásamt staðar- og fartegunda og/eða búsvæða. Dæmi um önnur friðlýst svæði á Íslandi sem falla í þennan flokk er friðland í Flatey.



2. Lýsing á svæðinu

2.1. Mörk svæðisins

Mörk friðlandsins mynda ferhyrning sem nær í um 100 metra fjarlægð út frá ystu klettanösum höfðans og er stærð friðlandsins 120 ha. Mörk svæðisins má sjá á korti í [viðauka II](#).

2.1.1. Tengsl við áhrifasvæði

Ingólfshöfði tilheyrir jörðinni Sandfelli og að friðlandinu liggur Hofsnæs. Um 9 km leið er frá Þjóðvegi í höfðann sem liggur um leirur og ála. Örafajökull liggur í nálægð við Ingólfshöfða, en þar er virk eldstöð.

2.1.2. Aðkomuleiðir

Hægt er að fara þrjár ólíkar leiðir út í Ingólfshöfða en þær eru allar torfærar. Ein leiðin er yfir 6 km langar leirur í landi Hofsnæs og er sú leið stíkuð. Leiðinni er haldið við af landeigendum að Hofsnæs. Ekki er fært yfir leirurnar á venjulegum fólksbílum. Hinar leiðirnar eru svokallaðar Fagurhólsmýrarleið og Kotleið en þeim er ekki haldið við með reglubundnum hætti. Eini vegurinn sem er í sjálfum Ingólfshöfða tengist mannvirkjagerð árið 1948 þegar vitinn var reistur.

2.2. Náttúruminjar

2.2.1. Jarðminjar

Ingólfshöfði var áður eyja en sandur og framburður jökulanna hefur tengt hann landi. Höfðinn er klettahöfði úr storkubergi (basalti), algengustu bergtegund á Íslandi, og hvílir á móbergsundirstöðu.⁴ Ingólfshöfði er girtur hömrum sem snúa til sjávar í suðurátt, sandalda gengur upp að honum norðanverðum sem heitir Kónsaldal og framundan henni er Kónsvík.

2.2.2. Gróður og vistgerðir/jarðvegur

Ingólfshöfði er skipt í tvo hluta eftir gróðurfari og heita þeir Grashöfði og Grjóthöfði. Á Grashöfðanum er að finna þykka vallengustorfu en í Grjóthöfðanum var áður fyrr fremur gróðursnautt og grýtt. Grjóthöfðinn hefur hinsvegar mikið gróið upp vegna fugladrits eftir að svartbakar og sílamáfar fóru að verpa þar um og eftir 1950.⁴ Alls hafa verið skráðar 112 tegundir af háplöntum í Ingólfshöfða, meðal annars blágresi, blóðberg, kattartunga, holurt, holtasóley, krækilyng, mýrarstör, gulstör og klófífa.⁴ Samkvæmt [vistgerðakorti](#) Náttúrufræðistofnunar Íslands er að finna nokkrar vistgerðir með hátt verndargildi á svæðinu, þar má nefna víðikjarrvist sem flokkast með mjög hátt verndargildi, grasengjavist með hátt verndargildi og hrossanálarvist sem flokkast með miðlungshátt verndargildi. Þessar vistgerðir eru einnig á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Í [viðauka VI](#) er að finna yfirlitskort yfir þær vistgerðir sem finnast innan friðlandsins.

2.2.3. Dýralíf

Náttúrufræðistofnun Íslands flokkar Ingólfshöfða sem mikilvægt fuglasvæði fyrir sjófugla og eins er friðlandið á alþjóðlegri skrá yfir mikilvæg fuglasvæði, IBA (e. Important Bird Areas). Í dag hafa verið skilgreind 121 svæði á Íslandi sem teljast alþjóðlega mikilvæg fyrir fugla og byggist matið á [viðmiðum](#) Alþjóðlegu fuglaverndarsamtakanna, BirdLife International. Á Íslandi eru meðal annars sjófuglabýggðir eins og Eldey, Vestmannaeyjar og Látrabjarg á IBA-skránni.⁵ Samkvæmt BirdLife International uppfyllir Ingólfshöfði [fjögur viðmið](#) um alþjóðlegt mikilvægi svæðisins sem gerir það að IBA svæði, A4ii, A4iii, B1ii, og B2. Sem dæmi þá er eitt viðmiðið A: á *heimsvísu*, þ.e. í Ingólfshöfða er vitað eða talið að reglulega sé að finna um og yfir 10.000 pör sjófugla af einni eða fleiri tegund á heimsvísu (A4iii).⁶

Samkvæmt upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands nær álfkuvarp í Ingólfshöfða alþjóðlegum verndarviðmiðum (5.916 pör) og einnig verpir þar um 1% íslenska langvíustofnsins (5.884 pör).⁷ Skúmur er áberandi í höfðanum auk lunda og fýls. Við höfðann eru einnig lómur, lóuþræll og sanderlur. Langvíur og stuttnefjur verpa í höfðanum og miðað við örnefnið Stuttvísug má gera ráð fyrir því að stuttnefjan hafi verpt í höfðanum.³

⁴ Hafdís S. Roysdóttir, 2006.

⁵ Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi, 2017.

⁶ BirdLife, 2019.

⁷ Arnþór Garðarsson, Guðmundur A. Guðmundsson og Kristján Lilliendahl, 2006–2008.

Samkvæmt [válista Náttúrufræðistofnunar Íslands](#) eru skúmur og lundi tegundir sem taldar eru í bráðri hættu (CR), fýll og svartbakur í hættu (EN), langvía í nokkurri hættu (VU) og álka í yfirvofandi hættu (NT).⁸

Smádýrasamfélagið við Ingólfshöfða er einstakt, í hellum sunnan undir höfðanum er tegundina *Onychiurus arcticus* (nú *Megaphoura arctica*) að finna sem hefur aðeins fundist í Ingólfshöfða, Knarrarnesi og Grímsey.⁹ Þar er einnig að finna sníkjuvespu (*Aphanogmus nanus*) en hún hefur fundist á einum öðrum stað á landinu.¹⁰ Eyjarani (*Ceutorrhynchus insularis*) finnst aðeins í Ingólfshöfða og í Vestmannaeyjum á Íslandi en utan Íslands á eygni St. Kilda við Skotland, þar sem hann lifir eingöngu á skarfakáli. Skortítan finnst hér og þar á landinu í litlum mæli, nema í Ingólfshöfða þar sem hún er algeng. Aðrar tegundir af skordýrum finnast í Ingólfshöfða og eru bjöllur þar áberandi, til dæmis járnsmiður, fjallasmiður, kragasmiður og brunnskukka. Af tvívængjum eru hræfluga og mykjufluga algengastar.⁶

Umfjöllun um ferðaþjónustu og áhrif hennar á fuglalíf í höfðanum er að finna í kafla [2.4.3](#) um ferðaþjónustu og útivist.

2.3. Menningarminjar

Til minningar um búsetu Ingólfs Arnarsonar sem tók fyrst land á Ingólfshöfða á Íslandi var reistur stuðlabergsdrangur árið 1974 og stendur á honum: „Ingólfur tók þar land, er nú heitir Ingólfshöfði. Landnámabók. Ellefu alda minning 1974“. Skammt frá minnismarkinu er varða sem var hlaðin árið 1839 að tilskipun Björns Gunnlaugssonar þegar hann var að vinna að landmælingum í Ingólfshöfða. Eitt af fyrstu skipbrotsmannaskýlum á Íslandi var reist árið 1912 á Ingólfshöfða. Fyrsti vitinn í Ingólfshöfða var reistur árið 1916 en árið 1948 var steiptur nýr viti sem Axel Sveinsson verkfræðingur hannaði. Flugviti var reistur í Ingólfshöfða árið 1974.¹¹

Friðlýstar minjar eru skráðar af Minjastofnun Íslands og þar kemur fram að Kárahróf, sem er forn nausttóft, fjórar verbúðartóftir og sýruker séu merktar sem friðlýstar minjar.¹² Fornleifaskráning hefur ekki farið fram á svæðinu.

Samkvæmt [lögum um menningarminjar](#) eru minjar sem náð hafa 100 ára aldri friðaðar sökum aldurs. Mögulega finnast fleiri fornleifar innan svæðisins, en til fornleifa teljast þær mannvistarleifar sem eru 100 ára og eldri. Helgunarsvæði umhverfis friðaðar minjar er 15 m frá ystu mörkum þeirra en 100 m hjá friðlýstum minjum.

⁸ Náttúrufræðistofnun Íslands, 2018.

⁹ Arna Fjellberg, Bjarni E. Guðleifsson og Hörður Kristinsson, 2008.

¹⁰ Jón Gunnar Ottósson og Snorri Baldursson, 2005.

¹¹ Hafdís S. Roysdóttir, 2006.

¹² Skrá um friðlýstar fornminjar, 1990.

2.4. Landnotkun

2.4.1. Landbúnaður

Í Ingólfshöfða hefur alla tíð verið sauðfjárbreit en hún hefur minnkað undanfarin ár. Að meðaltali eru um 30-40 kindum beitt í höfðanum yfir sumartímann.

2.4.2. Veiðar

Sigið er í langvíuegg árlega og eggjatölur skráðar.

2.4.3. Ferðapjónusta og útivist

Það sem dregur ferðamenn aðallega í höfðann er lundinn og hófust skipulagðar ferðir í Ingólfshöfða árið 1991. Ferðirnar taka um 2 og ½ klukkustund þar sem gengið er um, fuglalíf skoðað, náttúrufar friðlandsins kynnt og sagt frá sögu svæðisins. Til að meta álag ferðapjónustu á fuglalíf í friðlandinu óskaði Umhverfisstofnun eftir álit fuglafræðings. Farið var vettvangsferð í júní 2018 og mat lagt á þá ferðapjónustu sem stunduð er í friðlandinu og álag hennar á fuglalíf. Fuglafræðingur taldi að ferðapjónusta með núverandi fyrirkomulagi þ.e. hóflegum fjölda ferða, afmörkuð leið sem er gengin innan friðlandsins og að ferðamenn eru aðeins inn á svæðinu að jafnaði frá kl: 10:45-16:30, ætti ekki að hafa neikvæð áhrif á fuglavarp í höfðanum og náttúru Ingólfshöfða. Eins kom fram í vettvangsferð fuglafræðings mikilvægi þess að upplýsa ferðamenn um viðkvæmt lífríki áður en gengið er um friðlandið og að ferðamenn séu ávallt undir leiðsögn á meðan þeir eru inn á svæðinu. Skýrslu fuglafræðings má finna í [viðauka V](#).

2.5. Innviðir og mannvirki

2.5.1. Landvarsla

Umhverfisstofnun sér um eftirlit á svæðinu. Landvörður og sérfræðingur á Suðurlandi eru í góðum samskiptum við ferðapjónustuaðila sem eru með skipulagðar ferðir í höfðann yfir sumartímann.

2.5.2. Byggingar

Í Ingólfshöfða sjást ummerki af vita sem var reistur árið 1916, en núverandi viti var steypdur árið 1948 eftir hönnun Axels Sveinssonar verkfræðings. Skipbrotsmannaskýli var reist í Ingólfshöfða 1912. Flugviti var reistur 1974 en hann stýrir aðflugi til landsins sem og innanlandsflugi til Hornafjarðar. Vegagerðin sér um viðhald á vitanum, ytri byrðinni er sinnt á 3-5 ára fresti og eftirlit er með ljósahúsi einu sinni á ári. Isavia hefur einnig farið reglulega í höfðann til að sinna viðhaldi á flugvita.

2.5.3. Vegir

Vegurinn út í höfðann (Ingólfshöfði, 1-y71) tengist af Hringvegi og hefur hvorki verið skilgreindur sérstaklega eða skráður í vegaskrá. Sá hluti vegarins sem fer yfir leirurnar er stikaður og haldið við af landeigendum að Hofnesi. Eins og áður hefur komið fram þá er ekki

fært yfir leirurnar á venjulegum fólksbílum og þessi leið að friðlandinu frekar torfarin. Eini vegurinn sem er í sjálfum Ingólfshöfða er vegur sem myndaðist 1948 þegar vitinn var reistur og er notaður við viðhald á mannvirkjum. Sá vegur fer uppá höfðann af Kónsöldu sem liggur við norðvestur horn Ingólfshöfða, þaðan liggur vegurinn yfir Grjóthöfðann og síðan Grashöfðann og endar við vitann.

2.5.4. Stígar og gönguleiðir

Gangandi umferð um höfðann fylgir mest kindastígum og liggur yfirleitt að minnisvarðanum og þaðan að skipbrotsmannaskýlinu, að vitanum og að stærstu lundasvæðunum. Landslagið á höfðanum er þannig að yfirleitt sér lítið móta fyrir göngustígum hvert sumar, og vorið eftir ekki neitt. Ekki er aðgengi fyrir hjólastóla um friðlandið.

2.5.5. Reiðleiðir

Engin skipulögð reiðleið er um höfðann.

2.5.6. Skilti

Í landi Hofsnæs er skilti þar sem fram kemur að akstur sé bannaður upp á höfðann. Skilti í eigu ábúenda í Hofsnesi um sögu og náttúrufar friðlandsins er staðsett við bílastæði þar sem skipulagðar leiðsöguferðir hefjast frá Hofsnesi. Á þeim skiltum kemur fram að Ingólfshöfði sé friðland.

2.5.7. Úrgangur

Ekki er móttaka fyrir úrgang innan friðlandsins.

2.6. Öryggismál

Helstu hættur sem steðja að gestum í friðlandinu eru hrun- og hráphættur. Öryggishandbók friðlýstra svæða hefur ekki verið staðfærð fyrir friðlandið.

2.7. Fræðsla og kynning

Eins og kemur fram í kafla [2.4.3.](#) þá eru skipulagðar ferðir í Ingólfshöfða þar sem fuglalíf er skoðað og náttúrufar og saga friðlandsins kynnt, þá er eitt fræðsluskilti um friðlandið við bílastæði, sjá kafla [2.5.6.](#) Fleiri upplýsingar um höfðann er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

2.8. Rannsóknir og vöktun

Náttúrustofa Suðurlands stundar tvennskonar vöktun í höfðanum. Vöktun á viðkomu og fæðu lunda síðan 2010, sem er hluti lundavöktunar á Íslandi og vöktun á fjölda bjargfugla (fýll, rita, langvía, stuttnefja og álka) sem er hluti af bjargfuglavöktun í umsjón Náttúrustofu

Norðausturlands, sjá nýjustu skýrsluna frá 2018 [hér](#) þar sem helstu niðurstöður gáfu til kynna tæplega 50% fækkun á stuttnefju frá 2009 og 8% fjölgun hjá álkunni.¹³

¹³ Yann Kolbeinsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson, 2018.



3. Markmið, stefna og leiðir

Markmið þessarar áætlunar er að vernda ásýnd Ingólfshöfða og viðhalda verndargildi svæðisins og lífríki þess. Í þessum kafla verður leitast við að skilgreina markmið, útskýra framtíðarstefnu svæðisins og kortleggja aðgerðir sem framkvæma þarf á næstu árum.

3.1.1. Ástandsmat

Umhverfisstofnun stefnir að því að árlega verði unnið ástandsmat fyrir friðlandið, hluti af ástandsmati snýr meðal annars að eftirlit með álagi á göngustíga og jarðvegsrof.

Aðgerðir:

- ✓ Ástandsmat unnið árlega.

3.1.2. Aðkomuleiðir

Umhverfisstofnun stefnir ekki að frekari uppbyggingu á vegum að friðlandinu. Stefnt er að því að meta þörfina á nánari stýringu vélknúinnar umferðar í friðlandið.

Aðgerðir:

- ✓ Meta þörf á nánari stýringu vélknúinnar umferðar.

3.2. Náttúruminjar

Mikilvægt er að vernda vistkerfin sem finnast í Ingólfshöfða til að viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika á svæðinu. Öll landnotkun skal vera með sjálfbærum hætti og á ekki að raska jarðminjum, gróðri né dýralífi.

3.2.1. Jarðminjar, gróður og dýralíf

Stefnt skal að því að koma í veg fyrir jarðvegsrof og gróðureyðingu af völdum ágangs með stýringu umferðar s.s. viðhaldi göngustíga og merkingum. Ef það þarf að bregðast við jarðvegsrofi verður það gert í samráði við Landgræðslu Ríkisins.

Til verndar lífríki svæðisins er lausaganga gæludýra óheimil sbr. [reglu númer 7](#) í kafla 4. Til verndar fuglalífi ber að nefna að óheimilt er að þeyta flautur, fljúga flugvélum eða vera með annan hávaða að óþörfu í grennd við fuglabjörg.¹⁴

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun fylgist með ástandi náttúrufars og innviða og geri ráðstafanir um úrbætur eftir því sem þörf er á.

3.3. Menningarminjar

Menningarminjar skulu verndaðar með því að stuðla að fræðslu og merkingu þeirra og sögulegum minjum skal viðhaldið. Leita þarf umsagnar Minjastofnunar Íslands vegna framkvæmda innan svæðisins sem fela í sér jarðrask.

3.4. Landnotkun

Öll landnotkun innan friðlandsins og á áhrifasvæði þess skal vera í samræmi við markmið um verndun Ingólfshöfða, aðalskipulag og stjórnunar- og verndaráætlun. Sjálfbærni skal höfð að leiðarljósi.

3.4.1. Landbúnaður

Sauðfjárbætur skal ekki ógna gróðurþekju svæðisins. Til verndar lífríkis í höfðanum þá er lausaganga hrossa bönnuð innan friðlandsins sbr. [reglu númer 5](#) í kafla 4, en hross geta traðkað niður viðkvæman gróður og stigið ofan í lundaholur. Heimilt er þó að fara á hrossum um vegslóða á höfðanum en ekki utan hans til verndar lífríkis og af öryggisástæðum.

3.4.2. Veiðar

Nýting auðlinda skal vera með sjálfbærum hætti. Ef tilefni er til þá mun sveitarfélagið Hornafjörður í samráði við Umhverfisstofnun halda ref í skefjum innan friðlandsins. Þar sem minkur er framandi ágeng tegund er stefnt að því að útrýma mink innan friðlandsins.

3.4.3. Kvikmyndataka og ljósmyndun

Kvikmyndataka og ljósmyndun sem skipulagðar eru innan verndarsvæðisins skulu ekki raska gróðri og dýralífi. Vegna lífríkisverndar er kvikmyndagerð og ljósmyndun sem sem getur haft

¹⁴ Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr.64/1994

áhrif á náttúru friðlandsins háð leyfi Umhverfisstofnunar sbr [reglu númer 4](#) í kafla 4. Sækja skal um leyfi á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Við leyfisveitingu skal setja skilyrði um sérstaka aðgát gagnvart fuglalífi. Um vernd menningarminja fer eftir lögum um vernd menningarminja.

3.4.4. Ferðapjónusta og útivist

Ferðapjónusta og útivist skal ekki ógna náttúru og lífríki friðlandsins. Fjöldi ferðamanna í friðlandinu skal ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Umferð í höfðann skal ávallt vera með þeim hætti að hún hafi ekki neikvæð áhrif á lífríki svæðisins.

Í maí 2018 var gerð athugun á fuglalífi með tilliti til þess hvort takmarka þyrfti heimsóknir í höfðann vegna fuglalífs. Slíkar athuganir þarf að halda áfram að framkvæma með reglubundnu bili. Fuglategundir eru misviðkvæmar fyrir áreiti og þekkt er að sumar tegundir flytja til hreiðurstaði eða yfirgefið ákveðin svæði ef ágangur fólks eykst. Þá er mikilvægt að eftirlit með slíku sé virkt þar sem umferð fólks er um varpsvæði. Niðurstöður athugunar verða nýttar til að efla enn frekar stjórnun svæðisins með verndun lífríkis friðlandsins að leiðarljósi.

Til að koma í veg fyrir aukið álag á lífríki í friðlandinu þá er tjöldun og næturdvöl óheimil sbr. [reglu númer 1](#) í kafla 4.

Aðgerðir:

- ✓ Reglubundnar athuganir á áhrif ferðapjónustu á fuglalíf.

3.5. Innviðir og mannvirki

Innviðum og mannvirkjum á svæðinu skal vel viðhaldið og skulu hæfa þeirri starfsemi sem þar fer fram. Framtíðaruppbygging skal vera í samræmi við stefnu friðlandsins og verndargildi þess. Ekki er gert ráð fyrir innviðauppbbyggingu annarri en uppsetningu á skiltum.

3.5.1. Landvarsla

Umhverfisstofnun stefnir að því að virk landvarsla verði á svæðinu og að landvörður heimsæki friðlandið reglulega.

3.5.2. Byggingar

Vegagerðin og Isavia hafa farið í höfðann til að sinna viðhaldi á á mannvirkjum. Ekki er gert ráð fyrir fleiri byggingum á svæðinu.

3.5.3. Vegir og bílastæði

Eins og áður hefur komið fram þá er hefur vegurinn út í höfðann (Ingólfshöfði, 1-y71) hvorki verið skilgreindur sérstaklega né skráður í vegaskrá. Samkvæmt 32. gr. [náttúruverndarlaga nr. 60/2013](#) skal Vegagerðin halda skrá um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Sveitarfélög skulu gera tillögu að að þessari vegaskrá. Til þess að heimildir landeigenda og skyldur sveitarfélags liggja fyrir mun Umhverfisstofnun senda erindi á sveitarfélag þar sem óskað verður eftir því að vegurinn út í höfðann verði

skilgreindur og skráður í vegaskrá, sbr. 32. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og reglugerð um vegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 260/2018.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun sendi erindi á sveitarfélagið Hornafjörð þar sem óskað verði eftir skilgreiningu á vegi út í Ingólfshöfða og skráningu í vegaskrá.

3.5.4. Stígar og gönguleiðir

Stefnt skal að því að allir stígar og göngustígar séu vel merktir og að villustígar verði afmáðir. Ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu á aðgengi fyrir hjólastóla innan friðlandsins. Til verndar gróðri þá er óheimilt að vera á reiðhjólum utan vegslóða sbr. [reglu númer 6](#) í kafla 4.

Aðgerðir:

- ✓ Lagfæringar verði gerðar á upphafi stígs og grjót fært til vegna öryggissjónarmiða.
- ✓ Stikaðar verði gönguleiðir.
- ✓ Umhverfisstofnun heldur við og setur upp merkingar vegna gróðurverndar og öryggissjónarmiða eftir þörfum.

3.5.5. Reiðleiðir

Til verndar lífríkis þá er óheimilt að fara á hrossum utan vegar, [sbr. reglu 5](#) í kafla 4. Vegur verður sýndur á endurskoðuðu korti, sbr. kafli 3.5.4.

3.5.6. Skilti

Innan verndarsvæðisins skulu vera fræðsluskilti sem upplýsa um náttúrufar, jarðsögu og menningu, upplýsingaskilti með upplýsingum um umgengisreglur og vegvísar. Skilti og merkingar verði í samræmi við *Handbók um merkingar á friðlýstum svæðum* og skilti er varðar menningarmínjar verði gerð í samráði við Minjastofnun Íslands.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun, í samvinnu við hagsmunaaðila og sveitarfélag, setji upp upplýsinga- og fræðsluskilti um friðlandið. Á skiltunum komi fram upplýsingar um náttúrufar, menningamínjar, gönguleiðir og umgengisreglur svo sem um ómönnuð loftför og úrgang.
- ✓ Umhverfisstofnun geri úttekt og áætlun um önnur skilti sem stefnt er að því að verði sett upp og setji í framkvæmdaráætlun.

3.5.7. Úrgangur

Ekki er gert ráð fyrir því að tekið verði á móti úrgangi innan friðlandsins og skal fólk taka allan úrgang með sér.

3.6. Öryggismál

Öryggisáætlun friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar verður höfð til hliðsjónar í tengslum við öryggismál í Ingólfshöfða. Leggja skal áherslu á að gestir svæðisins virði merkingar og fylgi göngustígum.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun staðfæri Öryggisáætlun friðlýstra svæða stofnunarinnar fyrir Ingólfshöfða.
- ✓ Uppfæra skal öryggisáætlunina annað hvert ár.
- ✓ Öryggi ferðamanna verði vaktad í ljósi hrun- og hraphættu.

3.7. Fræðsla og kynning

Upplýsinga- og fræðsluefni um náttúru- og menningarminjar verndarsvæðisins skal vera aðgengilegt almenningi og þeirra sem nýta svæðið ásamt þeim umgengnisreglum sem gilda á svæðinu. Upplýsingar skulu settar fram á auðskilinn hátt og stuðla að því að fólk læri að meta, skilja og tengjast náttúru- og menningarminjum svæðisins sem verið er að vernda, og þannig stuðla að góðri umgengni. Hugað skal að samstarfi við skóla í nærsamfélaginu um að þeir nýti svæðið til fræðslu og kennslu m.a. með upplýsingum á heimasíðu og samtali við skólastjórnendur og kennara.

Aðgerðir:

- ✓ Uppfærsla á rafrænu fræðsluefni fyrir friðlandið.
- ✓ Heimasíða um svæðið verði endurgerð á vef Umhverfisstofnunar.
- ✓ Kort af friðlandinu verði uppfært

3.8. Mönnuð og ómönnuð loftför

Til verndar lífríki friðlandsins þá er óheimilt að lenda þylum innan friðlandsins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. [reglu númer 2](#) í kafla 4. Vegna lífríkisverndar þá er óheimilt að nota ómönnuð loftför innan friðlandsins, svo sem flygildi, nema með leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. [reglu númer 3](#) í kafla 4. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð 60/1998 og reglugerð 1185/2012. Leyfishafar skulu ávallt leita sér upplýsinga um gildandi [reglur](#) um starfrækslu ómannaðra loftfara og leita leyfis Samgöngustofu í samræmi við þær reglur.

Varðandi flugumferð yfir friðlandinu í Ingólfshöfða þá kemur fram í [Flugmálahandbók Íslands](#) að aðgát skal höfð í nánd við varplönd fugla skv. 4. mgr. 17. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, eins kemur fram að óheimilt er að fljúga flugvélum að óþörfu í grennd við fuglabjörg sbr. 4. mgr. 17. gr. [laga nr. 64/1994](#) um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum. Ingólfshöfði er sýndur á [korti](#) Umhverfisstofnunar sem sýnir svæði með sérstökum tilmælum eða takmörkunum vegna flugs, sem einnig er að finna tengil á í Flugmálahandbók Íslands.

Aðgerðir:

- ✓ Reglur um notkun ómannaðra loftfara, s.s. flygilda, verði settar á upplýsingaskilti um friðlandið.

3.9. Rannsóknir og vöktun

Samkvæmt 74. gr laga um náttúruvernd ber Náttúrufræðistofnun Íslands ábyrgð á vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum. Stofnunin á að vinna heildstæða áætlun um vöktun og skipuleggja framkvæmd hennar. Jafnframt á Náttúrufræðistofnun að vinna vöktunaráætlun fyrir friðlýst svæði í samráði við Umhverfisstofnun sem skal vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar viðkomandi svæðis. Náttúrufræðistofnun í samstarfi við Umhverfisstofnun munu á næstu árum útbúa vöktunaráætlanir fyrir friðlýst svæði samhliða vinnu Náttúrufræðistofnunar við gerð heildstæðrar vöktunaráætlunar fyrir lykilþætti íslenskrar náttúru. Sú vinna hófst árið 2017 og er ekki lokið. Vöktunaráætlun fyrir lykilþætti íslenskrar náttúru mun fela í sér forgangsroðun og áherslur í vöktun á hverju svæði fyrir sig. Þar mun m.a. koma fram hvaða svæði verða sett í forgang og hvað á að vakta á hverju svæði fyrir sig. Ekki er búið að vinna vöktunaráætlun fyrir Ingólfshöfða en þegar því er lokið mun hún verða viðauki við þessa stjórnunar- og verndaráætlun.

4. Sérstakar reglur um umferð og dvöl

Sérstakar reglur um umferð manna og dvöl í Ingólfshöfða sem settar eru í samræmi við ákvæði 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru eftirfarandi:

1. Tjöldun og næturgisting er óheimil innan friðlandsins, sbr. [kafla 3.4.4.](#)
2. Þyrlum og öðrum mönnum loftförum er óheimilt að lenda innan friðlandsins, nema að fengnu leyfi frá Umhverfisstofnun, sbr. [kafla 3.8.](#) Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð 60/1998 og reglugerð 1185/2012.
3. Notkun ómannaðra loftfara er bönnuð nema með leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. [kafla 3.8.](#) Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð 60/1998 og reglugerð 1185/2012.
4. Kvikmynda- og ljósmyndataka sem getur haft áhrif á lífríki friðlandsins er háð leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. [kafla 3.4.3.](#)
5. Lausaganga hrossa er óheimil innan friðlandsins, sbr. [kafla 3.5.5.](#) Aðeins er heimilt að ríða eftir skilgreindum vegslóða, sbr. [kafla 3.5.5.](#)
6. Hjólreiðar eru einungis heimilar á vegslóða, sbr. [kafla 3.5.4.](#)
7. Lausaganga gæludýra er óheimil, sbr. [kafla 3.2.1.](#)

Heimildaskrá

- Arna Fjellberg, Bjarni E. Guðleifsson og Hörður Kristinsson. 2008. [Knarrarnes við Eyjafjörð – saga, mordýr og sef](#). *Náttúrufræðingurinn* 77 (1-2), 24-28.
- Arnþór Garðarsson, Guðmundur A. Guðmundsson & Kristján Lillendahl. Svartfugl í íslenskum fuglabjörgum 2006-2008. *Bliki* 33.
- Hafdís S. Roysdóttir. 2006. Ingólfhöfði: friðland. Umhverfisstofnun. UST-2006:18. Reykjavík.
- Hvítbók um náttúruvernd. 2011. Umhverfissráðuneytið. Reykjavík.
- Íslendingabók, Landnámabók. (1968). Íslensk fornrit I. Útgefandi: Jakob Benediksson. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Jón Gunnar Ottósson og Snorri Baldursson. (2005). [Náttúrufar og náttúruminjar sunnan Vatnajökuls](#). Náttúrufræðistofnun Íslands. Skýrsla nr. NÍ-05005. Reykjavík
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Bogný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage. (2016). [Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi](#). *Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Nr. 55*. 295 s.
- Skaftafellssýsla Landamerkjabók (1884-1958). Jarðavefur Þjóðaskjalasafns Íslands. Sótt af: <https://myndir.handrit.is/doShowDocument.jsp?lang=is&source=ICDB&sourceId=Skaftafellss%FDsla%3B+Landamerkjab%F3k+1884-1958&style=&navpanes=0&view=Fit>
- [Lög um menningarminjar nr. 80/2012](#)
- [Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994](#)
- Náttúrufræðistofnun Íslands. (2018). *Válisti fugla 2018*. Sótt af: <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>
- Yann Kolbeinsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson. (2018). [Vöktun bjargfuglastofna 2018. - Framvinduskýrsla](#). NNA-1804. Náttúrustofa Norðausturlands. Húsavík.

Viðauki I

Auglýsing um friðland á Ingólfshöfða.

Stj.tíð. B. nr. 388/1978.
Sérprentun nr. 360

Auglýsing um friðland á Ingólfshöfða.

Samkvæmt heimild í 24. grein laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið að friðlýsa Ingólfshöfða í Austur-Skaftafellssýslu og er svæðið friðland.

Mörk friðlandsins mynda ferhyring um línur sem hugsast dregnar í 100 metra fjarlægð út frá ystu klettasnosum höfðans.

Þessar reglur gilda um friðlandið.

Hefðbundnar nýttjar bænda á Hofi og Svinafelli III í Hofshreppi fá að haldast á svæðinu með samkomulagi við [Umhverfisstofnun]. Sama gildir um hefðbundnar nýttjar Hofsness af fjöru vestan höfðans og ósi sem falla kann um svæðið.

Að öðru leyti má hvorki skerða gróður, skaða eða trufla dýralíf né gera jarðrask.

Mannvirkjum, sem nú eru á höfðanum, skal við haldið í samráði við [Umhverfisstofnun].

Gangandi og ridandi fólki er heimil för um svæðið í lögmætum tilgangi en hyggist ferðafólk dvelja þar um lengri tíma þarf leyfi umsýsnaðila. Akstur er bannaður í höfðanum án sérstaks leyfis umsýsnaðila, svo og meðferð skotvopna.

[Umhverfisstofnun] getur falið umboð sitt samkvæmt þessari friðlýsingu þriggja manna umsýsnamefnd sem skipuð sé fulltrúum tilnefndum af landeigendum, náttúruverndarnefnd Austur-Skaftafellssýslu og [Umhverfisstofnun].

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umboð stofnunarinnar.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer að ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 186/1974 um sama efni.


Í menntamálaráðuneytinu, 3. október 1978.

Ragnar Arnalds.

Runólfur Þórarinsson

Viðauki II

Kort af friðlandinu.



Viðauki III

LEIGUSAMNINGUR

 s. 1969
 Nr. samnings:

Landbúnaðarráðherra f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins (í samningi þessum nefndur leigusali) leigir hér með:	Leigutakar Þorlákur Örn Bergsson kt. 170652-2669 Ari Sigurjónsson kt. 110144-3699 <i>Ari Sigurjón Magnússon</i> Sigurjón Arnar Bjarnason kt. 310344-4199 Sigurjón Gunnarsson kt. 110643-2179 Ragnheiður Magnúsdóttir kt. 271054-2549 (í samningi þessum nefndur leigutaki)																		
rikisjörðina Sandfell Hofshreppi Austur-Skaftafellssýslu	Sveitafélagsnúmer: 7708 Staðgreinir: 00039000 Tegund jarðar: Kirkjujörð																		
1. Jörðin er leigð í tíu ár frá fardögum 2003 að telja. Leigan framtengist ár frá ári, nema annar hvor eða báðir aðilar segi upp leigunni. Segja skal upp leigu fyrir jól, miðað við næstu fardaga.																			
2. Jörðin og eignir ríkisins, sem fylgja með í leigunni, eru sem hér segir: 2.1. Fasteignir skv. fasteignamati í júní 2001: <table border="1" data-bbox="446 1108 1244 1220"> <thead> <tr> <th>Mhl.</th> <th>Tegund eignar</th> <th>Bygg.ár</th> <th>Bygg.efni</th> <th>Stærðir</th> <th>Fasteignamat</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>00</td> <td>jörð</td> <td></td> <td></td> <td></td> <td>395.000 kr.</td> </tr> <tr> <td colspan="5">Samtals:</td> <td>395.000 kr.</td> </tr> </tbody> </table>		Mhl.	Tegund eignar	Bygg.ár	Bygg.efni	Stærðir	Fasteignamat	00	jörð				395.000 kr.	Samtals:					395.000 kr.
Mhl.	Tegund eignar	Bygg.ár	Bygg.efni	Stærðir	Fasteignamat														
00	jörð				395.000 kr.														
Samtals:					395.000 kr.														
3.1. Leiga eftir jörðina og eignir ríkisins skv. 2.1. fyrir hvert fardagaár skal vera 3,25% af fasteignamati eignanna og skal leigan hverju sinni reiknast af fasteignamati í desember næst á undan gjalddaga leigunnar.																			
3.2. Árleg leiga skv. 3.1. skal þó aldrei vera lægri en kr. 25.000,-, miðað við byggingarvísitölu 235,4 stig í maí 1999, sem er í mars 2003 kr. 30.321,- og breytist nefnd lágmarksleiga í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu, eins og hún er í marsmánuði á hverjum tíma.																			
3.3. Gjalddagi leigunnar er 15. mars ár hvert, í fyrsta sinn 15. mars 2004.																			
3.4. Leiguna ber að greiða hjá sýslumanni. Heimilt er leigusala að breyta greiðslustað leigunnar og skal það tilkynnt leigutaka eigi síðar en 1. janúar næst á undan gjalddaga. Verði leigan ekki greidd 30 dögum eftir gjalddaga, falla á hana hæstu lögleyfðu dráttarvextir, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá gjalddaga.																			
4. Leigutaki greiðir alla skatta og skyldur, sem lagðar kunna að verða á jörðina og mannvirkri sem gjaldstofn, og heldur uppi lögskilum af henni, fjallskilum o.fl., leigusala að kostnaðarlausu. Leigutaka ber að váttryggja hús á jörðinni, ef einhver eru, gegn eldsvoða, leigusala að kostnaðarlausu.																			
5. Jörðin er leigð til beitar og annarra venjulegra leiguafnota. Mannvirkjagerð á jörðinni er ekki heimil nema með leyfi leigusala. Leigutaka ber að hlíta ákvæðum ábúðarlaga nr. 64/1976 um meðferð á landi jarðarinnar og viðhald mannvirkja á jörðinni, eftir því sem við á.																			
6. Leigutaka er óheimilt að framleigja eða framselja leigurétt sinn og afnotarétt á jörðinni eða afhenda hann á nokkurn annan hátt. Ennfremur er leigutaka óheimilt að veðsetja leigurétt sinn á jörðinni.																			

Viðauki IV

Listi yfir samráðsaðila:

- Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Minjastofnun Íslands
- Skipulagsstofnun
- Samgöngustofa
- Landsbjörg
- Neyðarlínan
- Ferðamálastofa
- Landgræðsla ríkisins
- Skógrækt ríkisins
- Náttúruverndarsamtök Íslands
- Landvernd
- Fuglavernd
- Samtök ferðaþjónustunnar
- Samút
- Flugmálafélag Íslands
- Félag leiðsögumanna
- Lögreglan á Suðurlandi
- Rannóknarsetur Háskóla Íslands
- Ríkiseignir
- Isavia
- Náttúrustofa suðausturlands
- Rannsóknasetur HÍ á Hornafirði
- Hafrannsóknastofnun
- Rannsókn- og ráðgjafastofnun hafs og vatna
- Vatnajökulsþjóðgarður

Viðauki V



FUGLALÍF OG FERÐAMENN Í INGÓLFSHÖFÐA

MINNISBLAÐ

VERKNÚMER:	09300-001	DAGS.:	2018-06-27
VERKHLUTI:	020	NR.:	0001
HÖFUNDUR:	Arnór Þórir Sigfússon		
DREIFING:	Umhverfisstofnun		

Efni: Skoðun á fuglalífi í Ingólfshöfða

Þann 14. júní 2018 var farin vettvangsferð í Ingólfshöfða að beiðni Umhverfisstofnunar. Tilgangur ferðarinnar var að meta áhrif ferðamanna á fuglalíf í höfðanum og hvort ástæða sé talin vera á að vernda varp fugla í höfðanum á einhverjum tíma. Helsta umferð ferðamanna í Ingólfshöfða er á vegum Óræfaferða ehf. sem er með skipulagðar ferðir með leiðsögumönnum. Samkvæmt heimasíðu fyrirtækisins¹ þá eru að jafnaði tvær ferðir á dag, kl 10:15 og 13:30 en suma daga eruð ferðir allt að fimm á dag og bætast þá við ferðir kl. 09:00, 11:45 og 14:30. Ferðin tekur um tvo og hálfan tíma en af því er um klukkutími í ferðir fram og til baka þannig að ferðamenn eru um einn og hálfan tíma í höfðanum. Samkvæmt því þá eru ferðamenn á svæðinu að jafnaði frá kl. 10:45 til 16:30 en utan þess tíma er ekki að vænta mikilla mannaferða.

Undirritaður fór með hópi ferðamanna í ferð kl. 13:30 og var landvörður frá Umhverfisstofnun, Arnaldur Björnsson með í för. Tveir starfsmenn voru frá fyrirtækinu, leiðsögumaður og aðstoðarmaður auk um tuttugu ferðamanna, bæði erlendra og íslenskra. Ekið er á dráttarvél með heyvagni aftaní þar sem farþegarnir standa. Komið er að höfðanum miðjum að norðanverðu þar sem farþegar fara úr vagninum og ganga upp sandbrekku. Norðvesturhluti höfðans er lítt gróinn og þar liggur yfir hluta hans foksandur og er sandbrekkan þannig til komin. Þegar upp var komið þá hélt ferðamannahópurinn af stað til austurs eftir brún höfðans en áður hafði leiðsögumaðurinn farið yfir það sem í vændum væri og brýndi fyrir ferðamönnum að halda hópinn og fylgja göngustíg. Tjáði hann þeim einnig að við værum á vegum Umhverfisstofnunar og myndum fara víða um höfðann og að þeir mættu ekki fylgja okkur. Við héldum í humátt á eftir hópnum fyrst en gengum síðan til suðausturs á ská yfir höfðann og gaf það okkur færi á að meta fuglalíf í höfðanum og jafnframt fylgjast með hópnum úr fjarlægð. Hópurinn fylgdi brúninni austur um og suður fyrir höfðann, að vita sem er við suðausturhorn höfðans. Þar hittum við hópinn á ný en ferðamennirnir virtust aðallega vera að sækjast eftir að sjá lunda og aðra bjargfugla auk þess sem þau sáu til skúmma sem þarna verpa. Frá vitanum gengu ferðamennirnir eftir stíg þvert yfir höfðann til baka að vögunum. Við gengum til baka aðeins vestar yfir höfðann og hittum þá við vagnana.

Í stuttri ferð eins og farin var gafst ekki tími til að meta fjölda fugla í Ingólfshöfða heldur var gengið um hluta af höfðanum og fuglategundir uppi á honum kannaðar. Til eru heimildir um bjargfuglavarp í höfðanum^{2,3} og ekki var tími til að meta það svo eingöngu var kannað fuglalíf uppi á höfðanum. Að skúmnum undanskildum þá var fuglalíf uppi á höfðanum fremur fábreytt og þéttleiki fugla lítill. Höfundur taldi að a.m.k. 110 pör væru af skúmum í Ingólfshöfða og er það nærri því sem segir í bæklingi Umhverfisstofnunar um friðlandið⁴ frá 2006 en þar er talið að 104 pör hafi orpið í höfðanum 1999. Á

¹ <https://www.fromcoasttomountains.com/ingolfshofdi-puffin-tour>

² <https://www.ni.is/greinar/ingolfshofdi>

³ <https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Veidi/radstofun/Bjargfuglavoktun2017.pdf>

⁴ <http://eldri.ust.is/media/fraedsluefni/Ingolfshofdabakingur-islenska-2006.pdf>

heimasiðu ferðaþjónustuaðilans er sagt að um 150 pör af skúmum verpi í höfðanum³. Aðrir fuglar sem sáust og voru líklegir varpfuglar voru sólskrikjur, en sex líkleg varppör sáust, maríuerla sást við brún norðan við víta og tvö þúfutittlingspör sáust einnig. Sandlópar sást á miðjum höfðanum, sunnan við þar sem gengið var upp. Um helmingur af grónu svæði höfðans var kannað þannig að sjá má að þéttleiki fugla, annarra en skúma, er lítill og tegundir fáar. Gæsaskitur sást á miðjum höfðanum skammt frá smá tjörn og bleytum en engar gæsir sáust. Ekki varð vart við kriur eða máfa sem líklega varpfugla en máfar og kriur sáust á flugi suður af höfðanum. Í sandskafli vestan við uppgönguna sáust refaspor og sagði leiðsögumaðurinn að vart yrði við refi í höfðanum. Það að refir fari um ásamt því að skúmar eru öflugir ránfuglar og ræna einnig eggjum og ungum, er líkleg skýring á því að ekki er þéttara og fjölbreyttara varp mófugla uppi á höfðanum. Fleiri tegundir mófugla sáust í t.d. námunda við húsið þar sem lagt var upp í ferðina út í höfðann.

Ferðamannahópurinn sem var á ferð með okkur virtist hlíta vel fyrir mælum leiðsögumansins og hélt sig við gönguleið við brúnina sem myndast hefur af umferð fólks um höfðann. Skúmspar sem var við gönguleiðina rétt austan við uppgönguna var mjög gæft og ekki árásgjarn þannig að gott færi gafst þar fyrir ferðamennina að taka myndir af skúmnum. Ef gengið var aðeins inn á höfðann þar sem varp var þéttara þá voru skúmarnir mun árásgjarnari (sjá mynd) og líklegt að þeir haldi ferðamönnum við gönguleiðina því flestir óttast árásgjúma. Í ljósi þessa og að fuglavarp að skúmnum undanskildum er fábreytt og þéttleiki lítill þá er ekki líklegt að umferð ferðamanna hafi mikil áhrif á fuglavarp í höfðanum. Bjargfugl sem ferðamenn eru helst að skoða er minna næmur fyrir umferð manna uppi á brún og því ekki líklegt að verulegra áhrifa gæti af umferð ferðamanna um höfðann á bjargfuglinn. Ferðirnar eins og þær eru skipulagðar í dag, með hóflegum fjölda ferða og takmarkaða leið sem farin er eru þannig úr garði gerðar að þær ættu hafa ekki neikvæð áhrif á fuglavarp í höfðanum og telur höfundur að ekki þurfi að gera breytingar á skipulagi þeirra.

Á heimasiðu Örafæferð ehf. eru einnig auglýstar ljósmyndaferðir⁶ sem farnar eru einu sinni til tvisvar í viku kl. 6:45 í þrjár klukkustundir. Hámarksfjöldi ljósmyndara í ferð eru tíu manns. Brýnt er fyrir ljósmyndurum á heimasiðunni að sýna fuglum tillitssemi s.s. með því að dvelja ekki lengi við hreiður og að allir ljósmyndarar verða að vera í sjónmáli við leiðsögumann allan tímann og að hlýða því þegar hann segir þeim að færa sig úr stað. Kynningaefni á heimasiðunni með leiðbeiningum um hegðun er til fyrirmyndar og það sem höfundur sá til leiðsögumans og starfsfólks bendir til að vel sé hugað að því að draga úr áhrifum ferðamanna á fuglalíf og náttúru svæðisins. Því ætti ferðaþjónusta með núverandi fyrirkomulagi að geta starfað áfram án teljandi áhrifa á fuglalíf og náttúru Ingólfshöfða.




Skúmur í árásarhug (ljósmynd APS 2018).

³ <https://www.fromcoasttomountains.com/ingolfshofdi-photo-tour>


⁶ <https://www.fromcoasttomountains.com/ingolfshofdi-photo-tour>

Viðauki VI



Fh. Umhverfisstofnunar, 9. apríl 2019


Kristín L. Árnadóttir, forstjóri


Þórdís Björt Sigþórsdóttir, sérfræðingur


Guðmundur Ingi Guðbrandsson

Umhverfis – og auðlindaráðherra